

Mál nr. 144/2020**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A****Vélarhlíf féll ofan á ökumann er hann var að setja rúðuvökva á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.4.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.5.2020.

Málsatvik.

Hinn 29. nóvember 2018 var M á leið úr vinnu í A og kvaðst þá hafa tekið eftir að rúðuvökvi var búinn. Því hafi hún ekið inn á næstu þjónustustöð til þess að fylla á þar til gert geymsluhólf fyrir rúðuvökvanum. Í málskoti segir að á meðan M fyllti hólfíð hafi A verið í gangi með tilheyrandi hristingi frá vélarafli hennar. Hún hafi spennt upp vélarhlífina með þar til gerðri stöng og hallað sér yfir vélarrymið til að hella vökvanum í hólfíð. Þá hafi vélarhlífina fallið með miklum krafti á hvirfilblað hennar. Vegna þyngdar vélarhlífarrinnar hafi höggið verið gríðarlegt svo hún hafi rotast, misst meðvitund í einhverja stund og fundið strax fyrir gríðarlegum höfuðkvölum og verkjum í hálsi.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún hlaut við atvikið úr lögmælti slysatryggingu ökumanns A hjá V, ella úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er tjónsatburðurinn varð, sbr. og 2. gr. laga nr. 32/1998 um breyting á þeim, skal hver ökumaður sem stjórnar vátryggingarskyldu ökutæki vera vátryggður samkvæmt sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr. laganna. Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögregla hafi verið kvödd á vettvang þegar slysið varð eða annars konar rannsókn hafi farið fram á tildrögum slyssins á vettvangi. Í tjónstilkynningu, dags. 22. nóvember 2019, segir einungis að M hafi verið að fylla á rúðuvökva þegar húdd bifreiðarinnar hafi losnað og fallið af miklum þunga á höfuð hennar. Jafnvel þótt aflvél A hafi verið í gangi, eins og haldið er fram í málskoti, var hún kyrrstæð og slysið tengdist ekki för M út úr henni né heldur lestun eða losun farms að neinu leyti. Að öllu athuguðu verður ekki talið að slysið verði rakið til notkunar A í merkingu 88. gr. laganna, þ.e. að slysið verði rakið til hreyfingar, vélarafls eða þyngdar hennar. Slysið telst því ekki bótaskyldt úr lögmælti slysatryggingu ökumanns A. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort M hafi verið eigandi A, en hvað sem því líður kemur ekki til álita að tjónið fái bætt úr lögmælti ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar þegar af þeirri ástæðu að tjónið verður ekki rakið til notkun hennar í skilningi 88. gr. þágildandi umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lögmælti slysatryggingu ökumanns né ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.